




## Á ferð með börnin


Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva





## Farið yfir götu

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva



Þegar komið er með barnahóp að gangbraut skal stöðva röðina í 5 m fjarlægð frá götunni til að umferð stöðvist ekki fyrir en hópurinn er tilbúinn til að fara yfir götuna.


Þegar hópurinn er tilbúinn til að fara yfir götuna skulu tveir starfsmenn stöðva umferð á sitthvorri akreininni. Þegar umferð hefur stöðvast á báðum akreinum skal hópurinn leggja af stað yfir götuna.

Þegar gengið er yfir gangbraut skal einn starfsmaður fara fyrir hópnum og annar reka lestina. Aðrir starfsmenn skulu raða sér skipulega á röðina og sjá til þess að rösklega sé gengið yfir götuna. Þeir starfsmenn sem stöðva umferð skulu halda því áfram þar til allir úr hópnum eru komnir yfir.



## Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva




Mikilvægt að vinna úr ferðinni, bæði með börnum og starfsmönnum. Hvað gekk vel? Hvað gekk illa?



## Almenningsgarðar

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva



Þegar komið er í almenningsgarð skal byrja á því að setja upp bæki- stöð þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Einn starfsmaður skal ávallt vera í bæki- stöðinni til að fylgjast með munum barnanna og vera til staðar ef eitthvað kemur uppá.

Börnum er safnað saman í bæki- stöðinni og farið er yfir reglur sem gilda í garðinum og leiks- væði skilgreint. Einnig skal tilkynna hvenær nesti verður borðað, en ávallt skal borðað í bæki- stöðinni.


Ekki er nauðsynlegt að hafa skipulagða dagskrá fyrir börnin í almenningsgördum, en það auðveldar starfmönnum að halda utan um hópin á meðan á dvöl í garðinum stendur. Nestistímar og leikir flokkast undir skipulagða dagskrá.

Áður en almenningsgarðurinn er yfirgefinn skal telja börnin til að ganga úr skugga um að allir séu með. Ávallt skal ganga vel frá og gæta að umgengni á almennings- svæðum.



## Sundferðir

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva



Viku áður en farið er í sund skal hringt á sundstað og tilkynnt um komu hópsins, fjölda barna og komutíma.

Miðað er við hámark 8 börn á starfsmann.

Sjá ferli um *strætóferðir* og *á ferð með börnin*. Muna að hafa með sundkort og armbönd eða annað í áberandi lit til að auðkenna hópinn.

Þegar komið er á sundstað skal skipta hópnum í drengjaröð og stúlkunaröð, og fara yfir þær reglur sem gilda á sundstaðnum. Einn starfsmaður skal fara inn í afgreiðslu sundlaugarinnar og tilkynna um komu hópsins, fjölda barna og hversu margir leiðbeinendur fylgja hópnum. Þessi starfsmaður skal einnig fá ílát undir persónulega muni barna, eitt fyrir stúlkur og eitt fyrir drengi, til að setja í geymslu á meðan verið er í lauginni.

Áður en farið er ofan í lagina skal safna saman persónulegum munum barna til geymslu og telja börn í hvorri röð fyrir sig til að tryggja að allir úr hópnum séu með og til þess að vita nákvæman fjölda drengja og stúlkna.

Þegar farið er inn í búningsherbergi skal einn starfsmaður fara á undan hópnum og finna til fatakörfur og útteila þeim til barna. Starfsmenn aðstoða börn í fataklefa og sjá til þess að gengið sé frá fatnaði á vísu stað í fatakörfur.

Þegar farið er í sturtu skal einn starfsmaður fara á undan hópnum og vera börnunum innan handar við að blanda sturtu, klæða sig í sundföt og annað sem þau kunna að þurfa aðstoð við. Einn starfsmaður skal reka lestina til að tryggja að enginn verði eftir í búningsherberginu.

Þegar allir eru búnir að fara í sturtu og klæða sig í sundfötin skal telja hópinn, afhenda börnunum armbönd eða annað sem auðkennir hópinn og fara út í laug gangandi í einfaldri röð og einn leiðbeinandi skal fara fyrstur í lagina og einn síðastur til að tryggja að enginn tynist.

Ávallt skal einn leiðbeinandi vera á vakt á bakkanum og hafa þannig yfirsýn yfir hópinn og bregðast skjótt við ef eitthvað kemur upp á. Leiðbeinendur skulu fylgjast með að börnin fari eftir reglum laugarinnar, t.d. í rennibrautum, við leik í leiktækjum og að þau hlaupi ekki á bakkanum. Börn mega ekki leika sér í dýpri hluta sundlauga sama hvort þau séu synd eða ekki.

Áður en farið er upp úr laug skal safna börnunum saman á afmörkuðum stað í lauginni og telja börnin til að tryggja að allir úr hópnum séu viðstaddir. Gengið skal til búningsherbergja í tveimur kynjaskiptum einföldum röðum. Einn leiðbeinandi skal fara fyrir hverri röð og annar leiðbeinandi skal fara á eftir hverri röð.


Þegar farið er í sturtu skal einn starfsmaður fara á undan hópnum, safna saman auðkennisarmböndum og vera börnunum innan handar við að blanda sturtu, klæða sig úr sundfötum og annað sem þau kunna að þurfa aðstoð við. Einn starfsmaður skal reka lestina til að tryggja að enginn verði eftir í sturtuklefanum. Aðstoða skal börn við að klæða sig ef þörf krefur. Einn starfsmaður skal ávallt fara yfir búningsherbergið og ganga úr skugga um að börnin gleymi ekki töskum og fatnaði þar.

Sá starfsmaður sem var á bakkanum skal fara út á undan börnunum til að taka á móti þeim. Æskilegt er að fara með hópinn beint út ef veður leyfir og koma þannig í veg fyrir óþarfa röskun í afgreiðslunni. Ef hópinn fær að nota nestisaðstöðu á staðnum skulu leiðbeinendur tryggja að börnin gangi vel um og hendi rusli eftir sig.



## Strætóferðir

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva



Áður en lagt er af stað í strætóferð skal ganga úr skugga um að fargjald sé meðferðis og kynna sér tímasetningar úr leiðarbók Strætó. Ekki er æskilegt að vera með fleiri en 35 börn á ferð hverju sinni. Miðað er við 8 börn á starfsmann. Munið að telja börnin áður en lagt er af stað.

Ávallt skal koma að strætóskýli í röð.

Þegar komið er að strætóskýli skal láta börnin setjast niður í röðinni, fyrir aftan skýlið eða í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá götu. Á meðan beðið er eftir strætisvagni er æskilegt að börnin hafi ofan af fyrir sér með söng og leikjum.

Þegar strætó kemur skal einn starfsmaður veifa til vagnstjóra og gera honum viðvart um hópinn. Aðrir starfsmenn skulu sjá til þess að börn standi upp og haldi þeirri röð sem þau voru í.

Þegar farið er inn í strætisvagn skal einn starfsmaður fara inn í vagninn á undan hópnum, bjóða góðan daginn, tilkynna fjölda barna sem eru meðferðis og greiða fargjöld. Þegar börn ganga inn í vagninn skal einn starfsmaður telja inn í vagninn til að tryggja að allir úr hópnum séu með.

Þegar komið er inn í vagninn skulu starfsmenn hjálpast að við að koma börnum í sæti í vagninum ef mögulegt er og skal láta þau sitja þrjú saman í tveimur sætum. Ef engin sæti eru laus skal fara aftast í vagninn og láta börnin setjast á gólfíð þar.

Börn skulu ætíð fylgja almennum kurteis- og umgengnisreglum og standa upp fyrir eldra fólki. Hafði einn starfsmann við hverjar útgöngudyr og einn hjá fremsta barni til þess að börn fari ekki út á röngum stað. Þau börn sem þurfa að standa eiga að halda sér á meðan vagninn er á ferð. Verjið börnin fyrir ágengni annarra farþega og að sama skapi á að koma í veg fyrir að börnin trufla aðra farþega (hressilegur söngur telst ekki til truflunar).


Áður en strætisvagn er yfirgefinn skal hringja á bjöllu í tæka tíð og gera börnum viðvart um að vagninn skuli brátt yfirgefinn. Þegar vagninn hefur stöðvast á áfangastað fer einn starfsmaður út fyrstur og síðan eru börnin talin út um sömu útgöngudyr og myndadar eru raðir spölkorn frá gangstéttarbrún. Sá starfsmaður sem var fremstur skal ávallt ganga síðastur úr vagninum og ganga úr skugga um að börnin gleymi ekki töskum og fatnaði í vagninum og að enginn verði eftir.

Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en strætisvagninn er farinn.



## Smávægilegir áverkar


### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva





## Alvarleg slys

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva




Mikilvægt er að starfsmenn vinni úr alvarlegum atburði sem hefur átt sér stað. Æskilegt er að kalla til aðstoð sérfræðings og skal það gert í samráði við deildarstjóra barnasviðs eða forstöðumann.





## Barn mætir ekki

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva




Ef það kemur ítrekað fyrir að barn skili sér ekki í starfið, verða foreldrar og starfsmenn að ræða saman um leiðir til úrbóta.



## Ef barn týnist

### Öryggisverkferlar í starfsemi frístundamiðstöðva



Ef það kemur ítrekað fyrir að barn týnist, verða foreldrar og starfsmenn að ræða saman um leiðir til úrbóta.